


Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík

4/7'11



Reykjavík, 30. júní 2011.

Efni: Beiðni um leyfi til áfrýjunar skv. 198. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

I

Í samræmi við 2. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála beinist hér með til ríkissaksóknara beiðni um áfrýjunarleyfi í sakamálinu nr. S-521/2010: Ákærvaldið gegn Ásu Einarsdóttur og Ólafi J. Bjarnasyni, en héraðsdómur í málinu var uppkveðinn 10. júní 2011.

Fyrir hönd skjólst. minna, Ólafs J. Bjarnasonar, kt. 090447-6379 og Ásu Einarsdóttur, kt. 110650-5589, sem bæði eru til heimilis að Reykjavegi 82, Mosfellsbæ, leyfi ég mér að óska eftir að þeim verði heimilað að áfrýja framangreindum dómi til Hæstaréttar, enda þótt sekt sú sem ákveðin var í héraðsdómi nái ekki áfrýjunarfjárhæð í einkamáli, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

II

Í upphafi skal vikið að því að beiðni þessi lýtur að grundvallarréttindum skjólst. minna, nánar tiltekið að rétti þeirra til að njóta réttlátrar málsmeðferðar fyrir óháðum og óvilhöttum dómstóli, sbr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Í skyldu ríkja til þess að vernda mannréttindi felst meðal annars að borgararnir geti leitað réttar síns og telja verður það eitt meginhlutverk dómstóla að standa vörð um mannréttindi. Af ákvæði 2. gr. 7. samningsviðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu má ráða að meginreglan skuli vera að sérhver einstaklingur sem sakfelldur hefur verið með dómi eigi rétt til þess að láta æðri dómstól fjalla um sakfellinguna eða refsinguna. Vissulega eru undantekningar heimilar, en með hliðsjón af ákvæði þessu ber að varast að túlka ákvæði 198 gr. laga nr. 88/2008 um skilyrði áfrýjunar með of þröngum hætti.

III

Skjólst. mínum er samkvæmt ákæru í málinu gefið að sök brot á lögum um lax- og silungsveiði „með því að hafa síðdegis sunnudaginn 4. júlí 2010 stundað stangveiði í Tungufljóti í Árnessýslu fyrir landi Bergsstaða í Bláskógabyggð, án þess að hafa til þess leyfi, þar sem Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga ákvað á aðalfundi sínum þann 12. apríl 2010 að leigja veiðirétt í Tungufljóti til 5 ára og hafi því lax- og silungsveiðar á umræddum tíma og stað verið óheimilar öðrum en leigutaka og þeim er hann hafði ráðstafað veiði til.“

Brot skjólst. minna eru í ákæru talin varða við a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006. Þess var krafist að skjólst. mínir yrðu dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með dómi Héraðsdóms Suðurlands 10. júní 2011 var skjólstæðingum mínum, hvoru um sig, gert að greiða 20.000 kr. fésekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæta ella fangelsi í 2 daga.

IV

Óskað er leyfis til áfrýjunar í því skyni að héraðsdómur verði ómerktur og að málinu verði vísað frá héraðsdómi. Skjólst. mínir reisa kröfu sína um frávisun ákæru frá dómi á því að málatilbúnaði af hálfu ákæruvaldsins í máli þessu sé svo verulega áfátt, vegna ágalla á rannsókn máls og ákæru að ekki verði kveðinn upp dómur um efni málsins.

Í fyrsta lagi telja skjólst. mínir að ætluð brot þeirra séu ranglega heimfærð undir a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, meðal annars vegna þess að efnisskilyrði ákvæðisins eru ekki uppfyllt.

Í a. lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði segir:

„Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, ef:
a. hann veiðir án leyfis í vatni annars manns [...]“

Til þess að háttsemi verði felld undir ákvæði a. liðar 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði, þurfa öll skilyrði ákvæðisins að vera uppfyllt, þ.e. „að um miklar sakir“ hafi verið að ræða og að um hafi verið að ræða „veiði án leyfis“ í vatni „annars manns“.

Af hálfu skjólst. minna er í fyrsta lagi lögð áhersla á þá staðreynd, að til að unnt sé að sakfella í máli sem höfðað er á grundvelli fyrrnefnds staflíðar 50. gr. laga nr. 61/2006, þarf að hafa verið um meiriháttar brot að ræða – eða „miklar sakir“ líkt og orðrétt segir í ákvæðinu. Þetta orðalag ákvæðisins nær jafnt til þess að unnt sé að beita einstaklinga refsingu vegna veiði í leyfisleysi fyrir landi annars manns, hvort heldur sem er með beitingu sekta eða fangelsi. Samkvæmt þeim skilningi byggja skjólst. mínir á því að hin ætluðu brot geti ekki fallið undir ákvæðið þar sem ekki var um „miklar sakir“ að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006. Skjólst. mínir eru samkvæmt því ósammála þeirri túlkun héraðsdóms að það, hvort sakir teljist vera miklar, séu ekki skilyrði málshöfðunar, heldur skilyrði þess að dæmd verði fangelsisrefsing fyrir brot gegn umræddu ákvæði. Skjólst. mínir benda af gefnu tilefni á það að einvörðungu sé um orðskýringu ákvæðisins að ræða enda ekki við nein lögskýringargögn að styðjast við túlkun ákvæðisins að þessu leyti. Skjólst. mínir telja að til þess að ákæra verði gefin út í máli er varðar ólögmetta veiði í skilningi a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 verði að líta heildstætt á málavexti. Háttsemi skjólst. minna yrði aldrei talin annað en minniháttar brot, þar eð um er að ræða veiði fyrir eigin landi í bága við einkaréttarlegan

gjörning. Háttsemi þeirra verður því ekki heimfærð undir a. lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa málinu frá héraðsdómi. Þá vísa skjólst. mínir til þess að ávinningur þeirra af meintum brotum var enginn.

Þá byggja skjólst. mínir á því að ekki var um veiðar „án leyfis“ að ræða umrætt sinn og ekki voru þau að veiðum „í vatni annars manns“. Hvað þessi skilyrði a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 áhrærir benda skjólst. mínir á að þeir eru meðal þinglýstra eigenda landsins Bergsstaða sem á veiðirétt í Tungufljóti neðan Faxa. Umræddan dag voru skjólst. mínir því við veiði fyrir eigin landi og höfðu að þeirra mati til þess fullan rétt sem land- og veiðiréttareigendur Bergsstaða. Skjólst. mínir voru í góðri trú um það að ákvörðun um veiðitilhögun fyrir árið 2010, sem tekin var á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga 21. apríl 2009 væri rétt og gilti um veiðirétt á svæðinu, sbr. 11. lið fundargerðar af aðalfundi veiðifélagsins 2009 og var samþykkt þar samhljóða, sbr. það sem hér fer á eftir.

Í niðurstöðu héraðsdóms um þetta segir orðrétt:

„Það hvort um er að ræða vatn annars manns í skilningi umrædds ákvæðis, eða hvort ákærðu hafi verið án leyfis, er að mati dómsins nokkuð sem ber að kanna við efnisúrlausn málsins þegar leyst er úr því hvort ákærðu hafi gerst sek um refsiverða háttsemi, en ljóst er að ákærvaldið byggir á því í málinu að veiðiréttinum hafi verið ráðstafað til annars aðila á bindandi hátt.“

Framangreindri fullyrðingu í niðurstöðu Héraðsdóms eru skjólst. mínir ósammála og telja að við heimfærslu meintra brota til refsíakvæða verði að kanna grundvallarskilyrði af þeim toga sem hér er lýst í niðurstöðu Héraðsdóms svo gætt sé málsmeðferðarreglna laga nr. 88/2008. Ennfremur, líkt og hér að neðan greinir, þá ríkir einkaréttarlegur ágreiningur um ráðstöfun veiðiréttar í Tungufljóti neðan Faxa til Lax-ár ehf. (nú Tungufljót ehf.) og það er hvorki á valdsviði né í hlutverki ákærvaldsins að skera úr um það hvort ráðstöfunin sé bindandi fyrir skjólst. mína.

Í öðru lagi byggja skjólst. mínir á því að ekki verði skorið úr um hinn djúpstæða einkaréttarlega ágreining sem ríkir um ráðstöfun veiðiréttinda frá hinni svokölluðu Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga til Tungufljóts ehf. í máli sem hlýtur meðferð samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ástæður þess eru annars vegar að fyrir dómi skal leysa úr einkaréttarlegum ágreiningi í máli sem rekið er samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála og hins vegar að ómögulegt er fyrir skjólst. mína að taka til varna í einkaréttarlegri deilu í sama máli og þeir taka til varna vegna ákæru á hendur þeim.

Málatilbúnaður ákærvaldsins er að verulegu leyti byggður á þeirri fyrirframgefnu forsendu að óumdeilt sé að samþykktir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga séu lögmætar og að samningur á milli deildarinnar og Tungufljóts ehf. (áður Lax-á ehf.) um ráðstöfun




veiðiréttinda í Tungufljóti neðan fossins Faxe sé lögmætur. Staðreyndin er engu að síður sú að uppi er einkaréttarleg deila um veiðiréttindi í Tungufljóti sem ekki hefur verið leyst úr og vafi er um það að samþykktir Tungufljótsdeildarinnar séu gildar og jafnframt er uppi vafi um að leigussamningur sem gerður var við Tungufljót ehf. sé lögmætur. Á meðan ekki hefur verið endanlega skorið úr um lögmæti þessara tveggja atriða sem nefnd voru að framan þá er uppi réttmætur vafi um það hvort veiði skjólst. minna í Tungufljóti, fyrir landi sínu Bergsstöðum, í umrætt sinn hafi verið ólögmæt og refsiverð samkvæmt a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Sakfelling héraðsdóms er því byggð á sandi.

Það að þurfa að svara til saka í sama máli og tekin er afstaða til einkaréttarlegs ágreinings sem skjólst. mínir taka þátt í kemur í veg fyrir að þeir fái notið stjórnarskrárbundinna réttinda sinna sem fölggir eru í því að njóta réttlátrar meðferðar fyrir dómi og að fá fullnægjandi tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína fyrir dómi. Hér er vísað til 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár en þar segir orðrétt: „Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli [...]“ Hliðstætt ákvæði er að finna í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem er nokkuð nákvæmara en ákvæði stjórnarskrár, en þar kemur fram í b-lið 3. mgr. 6. gr. að sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli ekki njóta lakari réttar en að hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína. Samkvæmt því ákvæði og hinum tilvitnuðu orðum úr stjórnarskrá Íslands skulu aðilar vera jafn settir fyrir dómi, eftir því sem kostur er og skal virða jafnræði beggja aðila fyrir dómi, ekki síst rétt ákærða til að undirbúa vörn sína. Er þetta á meðal mikilvægustu réttinda sakborninga en líkt og hér að framan greinir er ómögulegt fyrir skjólst. mína að taka til varna í einkaréttarlegri deilu í sama máli og þeir taka til varna vegna ákæru á hendur þeim.

Að því er varðar fyrri hluta hins einkaréttarlega ágreinings, sem hér að framan er lýst, þá varðar hann deilu um þann rétt sem skjólst. mínir telja sig hafa til veiða fyrir eigin landi samkvæmt samþykktum Veiðifélags Árnesinga frá árinu 2009 um veiðitilhögun ársins 2010. Skjólst. mínir hafa á fyrri stigum áskilið sér samkvæmt þeim full og ótakmörkuð yferráð yfir eigin veiðisvæði, sem tekur mið af bakkalengd jarðarinnar Bergsstaða, í ljósi eignaréttarverndar 72. gr. stjórnarskrár og meginreglu eignaréttar um yferráð eigenda að landi, yfir landinu og gæðum þess, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 61/2006. Í úrskurði Fiskistofu frá 19. janúar 2010 um stofnun Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga segir, þegar til athugunar er hvort samþykktir Tungufljótsdeildarinnar frá 30. apríl 2009 séu andstæðar þeim ákvörðunum sem teknar voru við stofnun deildarinnar á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga 21. apríl 2009:

„Í þessu sambandi verður að líta til 1. greinar samþykktar Tungufljótsdeildar Veiðifélags árnesinga en þar segir: "Félagið heitir Tungufljótsdeild og starfar sem veiðideild innan Veiðifélags Árnesinga samkvæmt 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga."



Að mati Fiskistofu verður því að horfa til 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga við alla túlkun samþykktar deildarinnar enda segir í lokamálslið 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga: „Að öðru leyti gildir samþykkt Veiðifélags Árnesinga um deildir“.

Að þessu virtu verður ekki fallist á það að 4. gr. eða 6. gr. samþykktar Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga gangi í berhögg við samþykktir Veiðifélags Árnesinga enda verður að álykta að samþykktir Veiðifélags Árnesinga gangi framur samþykktum Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga.“

Framangreind tilvitnun er athyglisverð að því leyti að hér virðist Fiskistofa eingöngu hafna því að fella samþykktir Tungufljótsdeildar úr gildi en jafnframt kveða á um að við túlkun þeirra beri að líta til 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga og er m.a. ályktað að samþykkt Veiðifélags Árnesinga gangi framur samþykktum Tungufljótsdeildarinnar ef fyrrgreindar samþykktir stangast á.

Með vísan til þessa verður að telja að ef samþykkt Tungufljótsdeildar, m.a. um ráðstöfun veiði, fer í bága við það sem segir í samþykkt Veiðifélags Árnesinga um ráðstöfun veiði á því svæði er Veiðifélag Árnesinga tekur til, þá gildi samþykkt Veiðifélags Árnesinga.

Í fyrrgreindri 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga segir að verkefni deilda sé að ráðstafa veiði og annast framkvæmdir á starfssvæðum sínum samkvæmt ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðifyrirkomulag ár hvert. Ákvarðanir deildar innan veiðifélags verða samkvæmt þessu að vera efnislega samrýmanlegar ákvörðunum sem teknar eru af veiðifélagi því sem umrædd deild heyrir undir, sem og ákvæðum í samþykktum veiðifélagsins sem deildin starfar innan. Af þessu er jafnframt ljóst að samþykktir Veiðifélags Árnesinga gangi framur samþykktum Tungufljótsdeildarinnar ef fyrrgreindar samþykktir stangast á.

Í samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga, segir m.a. um veiðitilhögun ársins 2010, að félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár sé frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 20. júní til og með 9. ágúst og frá og með 20. ágúst til og með 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar innan þeirra marka sem lög um lax- og silungsveiði setja. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um aðra félagsmenn.

Samkvæmt þessu voru skjólst. mínir því að veiðum þann 4. júlí 2010 innan þess tímabils sem þarna er skilgreint og því í fullum rétti við veiðar sínar umræddan dag. Með vísan í rökstuðning Fiskistofu telja skjólst. mínir að samþykkt Tungufljótsdeildar um ráðstöfun veiði beri að víkja fyrir samþykkt Veiðifélags Árnesinga hvað þetta varðar og deildinni beri því að

framfylgja ákvörðun Veiðifélags Árneseinga um veiðifyrirkomulag fyrir árið 2010 sem er nákvæmlega útlistað í fundargerð veiðifélagsins frá 21. apríl 2009.

Að því er varðar *síðari hluta* hins einkaréttarlega ágreinings, eins og honum hefur verið lýst hér að ofan, þá varðar hann tilvist samnings sem einkaréttarlegur ágreiningur ríkir um, bæði hvað varðar efni og lögmæti samningsins. Þannig telja skjólst. mínir samninginn á milli Tungufljótsdeildarinnar við Tungufljót ehf. ólögmætan og í ljósi þess hafi hann ekki gildi gagnvart þeim, en sakarefni málsins veltur á umræddum samningi.

Í 4. mgr. 39. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 segir að í samþykktum veiðifélags megi ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsinssetur, í þessu tilfalli Veiðifélag Árneseinga. Þá segir ennfremur í 5. gr. samþykktar Veiðifélags Árneseinga: "Félagsmenn geta aðeins ráðstafað veiði til 1 árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið sé fram í fundarboði að lengri leigutími verði til umræðu." Veiðifélag Árneseinga hafði ekki tækifæri á því að taka afstöðu til samningsins fyrir veiðitímabilið 2010, en samningurinn sem gerður var í 12. apríl 2010, var gerður til 10 ára tímabils, frá og með veiðitímabilinu 2010 til og með 2019. Má því ljóst vera að reglur Veiðifélags Árneseinga um ráðstöfun veiðiréttar með ársfyrirvara hafi verið brotnar og að mati skjólst. minna voru þeir eftir því í fullum rétti til að veiða fyrir sínu landi þann 4. júlí 2010.

Leigusamningur Tungufljótsdeildar við Tungufljót ehf. var meðal annars gerður með fyrirvara um samþykki Veiðifélags Árneseinga, sbr. 10. gr. leigusamningsins. Við aðalmeðferð málsins kom skýrlega fram að Veiðifélag Árneseinga hefur ekki samþykkt nefndan leigusamning. Því hefur samningurinn ekki öðlast gildi. Er þar af leiðandi óviðunandi að héraðsdómur hafi treyst sér til að sakfella skjólst. mína vegna háttsemi sem fari í bága við samninginn.

Ákvæði leigusamningsins um útleigu veiðiréttar í Tungufljóti eru að engu hafandi og því gilda ákvarðanir Veiðifélags Árneseinga um veiði á fiskisvæði því sem fellur undir félagið. Þær gilda einnig um veiði í Tungufljóti og því máttu skjólst. mínir vera að veiðum í umrætt sinn fyrir landi sínu, enda samrýmdist það ákvörðunum Veiðifélags Árneseinga um slíkan rétt landeigenda.

Ennfremur er bent á að í 6. gr. leigusamnings Tungufljótsdeildar og Lax-ár er fyrirvari um samþykki Veiðifélags Árneseinga ár hvert. Það samþykki hefur heldur ekki verið veitt. Leigusamningurinn og ákvæði hans um tilhögun veiði eru því að engu hafandi. Gilda því þá Veiðifélag Árneseinga um tilhögun veiði á veiðisvæði því sem undir veiðifélagið heyrir, þ.m.t. í Tungufljóti.

Um þá málsástæðu skjólst. minna að vísa beri málinu frá dómi sökum þess að sakarefni málsins veltur á einkaréttarlegum ágreiningi, segir eftirfarandi í niðurstöðu Héraðsdóms:

"Upplýst var við rannsókn málsins að einkaréttarlegur ágreiningur hafi verið fyrir hendi og var aflað um þetta ganga. Ekki er það hins vegar hlutverk lögreglu og ákærvalds að skera úr slíkum ágreiningi, en tilvist ágreiningsins girðir ekki fyrir að ákæra geti verið réttilega útgefin enda sé það mat ákærvalds að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað hvað sem einkaréttarlegum ágreiningi líður."

Framangreindri fullyrðingu Héraðsdóms mótmæla skjólst. mínir sem rangri að öllu leyti og er henni harðlega mótmælt. Sé framangreind tilvitnun lesin gaumgæfilega má sjá að í henni er fólgin þversögn, þ.e. að um leið og lögregla ákveður að gefa út ákæru í málinu hefur hún óhjákvæmilega tekið afstöðu til þess hvernig fara skuli um réttarástand og að samningur um framsal veiðiréttinda til Tungufljóts ehf. sé lögmætur.

Aðstæður þær sem hér eru uppi eru hliðstæðar þeim sem voru til úrlausnar í dómi Hæstaréttar 1993 á bls. 1293. Með dómi Hæstaréttar í því máli var ákæru vísað frá héraðsdómi þar sem álitafni þau sem þar voru til skoðunar og réttarhagsmunir sem þeim tengdust voru á sviði einkamálaréttar. Til stuðnings niðurstöðu sinni vísaði Hæstiréttur til þess að ekki hafði farið fram sjálfstæð könnun á gögnum sem skjólst. mínir afhentu við rannsókn málsins og ekki lá fyrir úttekt óháðs aðila á þeim.

Með sama hætti hefur í máli skjólst. minna engin sjálfstæð könnun farið fram á vegum lögreglu og ákærvalds á ágreiningi þeim sem ríkir um lögmæti samþykka Tungufljótsdeildarinnar né á samningi þeim sem deildin gerði við Tungufljót ehf. og ráðstafar veiðiréttindum í Tungufljóti neðan Faxa til félagsins.

Þannig var því slegið föstu, án nánari rannsóknar af hálfu ákærvalds, að samningurinn, sem ákæra málsins byggir á, væri lögmætur áður en ákæran var gefin út. Vísa skjólst. mínir til fylgiskjals nr. 4 þar sem fram kemur að daginn fyrir málflutning um frávisunarkröfu skjólst. minna sem fór fram 14. janúar 2011 hafði lögreglustjórinn á Selfossi ekki aflað þessa grundvallarskjals. Ósk ákærvaldsins um leiðréttingu á ákæru þar sem veiðirétturinn hafi ekki verið leigður til 5 ára heldur 10 ára er til marks um ágalla á meðferð málsins á rannsóknarstigi, þar sem sjálfur leigusamningurinn var ekki tekinn til rannsóknar.

Í þessu samhengi skal bent á að samkvæmt 3. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála hvíli á ákærvaldinu hlutlægniskylda. Skjólst. mínir byggja á því að þeirrar skyldu hafi ekki verið gætt í máli þessu. Atvik að baki ákæru voru ekki rannsökuð með viðhlítandi hætti, þar sem engin sjálfstæð könnun lögreglu fór fram eða úttekt óháðs aðila framkvæmd á hinum einkaréttarlega ágreiningi. Þá hefur lögregla ekki kynnt sér grundvallarskjöl málsins, þ.e. samninginn um framsal veiðiréttinda frá Tungufljótsdeildinni til Tungufljóts ehf., og var

málatilbúnaður að meginstefnu til reistur á frásögnum hagsmunaaðila um meint brot skjólst. minna. Þá virðist ákærvaldið hafa með útgáfu ákæru í máli þessu, einblínt á ákveðna atburðarrás og ekki tekið mið af atvikum sem horfa til sýknu skjólst. minna, svo sem þeirra sem hér að framan hefur verið lýst.

Viðhorf skjólst. minna til ákæruefnis varða rétt landeigenda til veiði fyrir eigin landi og má af gögnum málsins og málatilbúnaði öllum sjá að álitafni þessi og réttarhagsmunir, sem þeim tengjast, eru á sviði einkamálaréttar og biða enn úrlausnar á þeim vettvangi. Skjólst. mínum hefur ekki gefist tóm til að fara með málið í einkaréttarlegan ágreining og er málið samkvæmt því á röngum brautarteinum þar sem það hlýtur meðferð samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Á meðan ekki hefur verið endanlega skorið úr um lögmæti hins einkaréttarlega ágreinings sem lýtur að umræddum samningi þá er uppi réttmætur vafi um það hvort veiði skjólst. minna í Tungufljóti, fyrir landi sínu í Bergsstöðum í umrætt sinn, hafi verið ólögmæt og refsiverð samkvæmt a-lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006. Samkvæmt því er ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort skjólst. mínir hafi gerst brotlegir gegn ákvæði því sem háttsemi þeirra er heimfærð undir í ákæru. Til þess ber að líta að með dómi í sakamáli þessu hefur engu að síður verið tekin afstaða til lögmætis ráðstöfunar veiðiréttinda af hálfu Tungufljótsdeildar Veiðifélags Ánesinga með samningnum sem ákæra í máli þessu byggir á. Sú niðurstaða hefur óhjákvæmilega áhrif á réttarstöðu aðila og er það óviðunandi með öllu.

Með hliðsjón af því sem hér hefur fram komið, sérstaklega með vísan til alls þess sanngjarna vafa sem uppi er um réttmæti ráðstöfunar veiðiréttar í Tungufljóti neðan Faxa, telja skjólst. mínir heimfærslu í ákæru á ætluðu broti þeirra ófullkomna, sbr. ákvæði c-liðar 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ber því að ómerkja dóm Héraðsdóms Suðurlands og vísa málinu frá dómi.

V

Til vara er óskað leyfis til áfrýjunar í því skyni að niðurstöður dómsins verði teknar til endurskoðunar og að skjólst. mínir verði sýknaðir af öllum kröfum ákærvaldsins.

Í fyrsta lagi telja skjólst. mínir að háttsemi þeirra verði ekki færð undir verknaðarlýsingu ákvæðis a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Krafa skjólst. minna um sýknu er í fyrsta lagi reist á því að refsheimild sú sem vísað er til í ákæru tekur samkvæmt orðanna hljóðan ekki til ætlaðs brots skjólst. minna. Ákvæðið, samkvæmt orðanna hljóðan, nær einvörðungu til þess þegar um er að ræða miklar sakir en háttsemi skjólst. minna verður aldrei talin annað en minniháttar brot í skilningi ákvæðisins.

Þá voru skjólst. mínir ekki að veiðum án leyfis umrætt sinn heldur voru að veiðum í samræmi við samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðitilhögun ársins 2010, en þar sagði að félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár væri frjálst, hverjum fyrir landi sinnar jarðar, að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 20. júní til og með 9. ágúst og frá og með 20. ágúst til og með 24. september 2010 og voru skjólst. mínir að veiðum í Tungufljóti fyrir landi sínu Bergsstöðum á þeim tíma sem heimilt er samkvæmt fyrrgreindri samþykkt.

Ennfremur er ljóst samkvæmt framangreindu að skjólst. mínir voru ekki að veiðum fyrir landi annars manns heldur fyrir eigin landi. Þá er einnig uppi vafi um að hið meinta brot skjólst. minna sé refsivert, þar sem ekki hefur verið leyst úr hinum einkaréttarlega ágreiningi um ráðstöfun Tungufljótsdeildar í Veiðifélagi Árnesinga á veiðirétti í Tungufljóti og þann vafa verður að túlka skjólst. mínum í hag þegar ekki telst fullsannað að ætlað brot þeirra sé refsivert og varði við það ákvæði laga um lax- og silungsveiði sem greinir í ákæru.

Héraðsdómur tók ekki mið af þessu atriði hvað varðar kröfu skjólst. minna um sýknu enda segir þar orðrétt:

"Er það utan viðfangsefnis þessa dómsmáls að fjalla um það á grundvelli stjórnarsýsluréttar og félagaréttar hvort Tungufljótsdeild hafi verið réttilega stofnuð og hvort samþykktir deildarinnar séu lögum samkvæmar. Þannig getur það t.a.m. ekki haft áhrif á niðurstöðu þessa dómsmáls að ekki hafi verið leitað formlegs samþykkis Veiðifélags Árnesinga um leigusamning milli Tungufljótsdeildar og Tungufljóts ehf., sem verjandi gerði að umtalsefni við í munnlegum málflutningi aðalmeðferð, en raunar liggur ekkert fyrir um formkröfur um hvernig þess samþykkis verði leitað. Þá er það sömuleiðis utan viðfangsefnis þessa dómsmáls að fjalla efnislega um ákvörðun Fiskistofu í málinu, enda hvorki Fiskistofa né Tungufljótsdeild og Veiðifélag Árnesinga aðilar þessa dómsmáls og aðeins hluti kæranda í stjórnarsýslumálinu aðilar þessa dómsmáls. Verður því gengið út frá því að Tungufljótsdeild sé réttilega stofnuð og ákvarðanir hennar löglegar og byggt á ákvörðun Fiskistofu um það efni. Hið sama er að segja um samning þann sem Tungufljótsdeild gerði við Tungufljót ehf., en hvorugur aðila samningsins er aðili að þessu dómsmáli."

Í þessu felst þversögn enda tekur dómurinn afstöðu til einkaréttarlegs ágreinings í máli sem hlýtur meðferð samkvæmt lögum nr. 88/2008.

Í öðru lagi byggja skjólst. mínir á því að vafa um hvort sú háttsemi sem þeim er gefin að sök sé refsiverð í ljósi einkaréttarlegs ágreinings um ráðstöfun á veiðirétti í Tungufljóti beri að túlka þeim í hag.

Í þriðja lagi byggja skjólst. mínir kröfu um sýknu á því að meint refsiverð háttsemi þeirra hafi ekki verið framin af ásetningi heldur gáleysi enda voru þau í góðri trú um að þau væru í rétti við veiðar fyrir eigin landi á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar Veiðifélags Árnesinga um veiðitilhögun á árinu 2010 og þess að þau töldu að Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga væri ekki heimilt að ráðstafa veiði í Tungufljóti með þeim hætti og gert var. Ágreiningur var – og er – uppi um heimild deildarinnar til þeirrar ráðstöfunar veiðiréttar og á þeim tíma er ætluð brot skjólst. minna áttu sér stað hafði ekki verið skorið úr þeim ágreiningi hvorki fyrir dómstólum, né hjá Fiskistofu, enda laut ákvörðun Fiskistofu ekki að því hvort ráðstöfun deildarinnar á veiðiréttinum væri samrýmanleg 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga. Í 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 segir: „Verknaður, sem refsing er lögð við í lögum þessum, er ekki saknæmur, nema hann sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Fyrir gáleysisbrot skal því aðeins refsa, að sérstök heimild sé til þess í lögnum.“ Í lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er hvergi tiltekið að heimilt sé að refsa fyrir brot á lögnum sem framin eru af gáleysi.

Að virtu öllu framangreindu ber að sýkna skjólst. mína þar sem háttsemi þeirra fellur ekki undir það refsíákvæði sem hún er heimfærð undir í ákæru. Þá er einnig uppi vafi um hvort ætluð brot skjólst. minna séu refsiverð, þar sem ekki hefur verið leyst úr hinum einkaréttarlega ágreiningi um ráðstöfun Tungufljótsdeildar í Veiðifélagi Árnesinga á veiðirétti í Tungufljóti og þann vafa verður að túlka skjólst. mínum í hag þegar ekki telst fullsannað að ætlað brot þeirra sé refsivert og varði við það ákvæði laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði sem greinir í ákæru.

VI

Til þrautavara er óskað leyfis til áfrýjunar vegna ákvörðunar refsingar og krefjast skjólst. mínir þess að þeirri ákvörðun verði breytt og refsing á hendur þeim verði felld niður.

Þess ber að geta, að sá galli er á rökstuðningi fyrir niðurstöðu héraðsdóms, hvað varðar þennan hluta kröfugerðar skjólst. minna, að ekki var vikið að þeim ágreiningi sem stendur um grundvöll ákærunnar í málinu þ.e. samningsins á milli Tungufljótsdeildarinnar og Tungufljóts ehf. og hins réttmæta vafa sem ríkir um gildi samningsins. Þess í stað er látið við það sitja að slá því föstu að leyst hafi verið úr ágreiningi um stofnun Tungufljótsdeildarinnar á stjórnarsýslustigi.

Kröfu sína um að refsing verði látin niður falla byggja skjólst. mínir meðal annars á því að einkaréttarlegur ágreiningur ríkir um heimild Tungufljótsdeildar til ráðstöfunar á veiðirétti í Tungufljóti fyrir landi þeirra og því sé óljóst um grundvöll ákæru í málinu. Vísast um þann ágreining til þess sem hér að framan greinir. Í ljósi þess óleysta ágreinings töldu skjólst. mínir sig vera í rétti við veiðar umrætt sinn fyrir eigin landi Bergsstöðum og samkvæmt því voru meint brot þeirra ekki framin af ásetningi.

Í ljósi allra aðstæðna, þ.e. óleysts ágreinings um heimild Tungufljótdeildar til ráðstöfunar á veiðirétti í Tungufljóti fyrir landi þeirra, telja skjólst. mínir að líta beri til þess að með þeirri ráðstöfun er gengið inn á stjórnarskrárvarinn eignarrétt þeirra og möguleikar þeirra á að nýta eign sína eins og áður hefur verið gert eru rýrðir verulega.

Þá virðist augljós sú staðreynd að þau brot sem skjólst. mínum er gefið að sök voru smávægileg, ekki framin í auðgunarskyni og að afleiðingar þeirra voru litlar eða engar.

Jafnframt ber til þess að líta að þegar ætluð brot voru framin höfðu skjólst. mínir ekki áður og hafa ekki síðan gerst brotleg við refsilög.

Að virtu öllu framangreindu byggja skjólst. mínir á því að refsingu í málinu hefði átt að láta falla niður.

VII

Óhjákvæmilegt er að Hæstiréttur taki afstöðu til þess hvenær og við hvaða aðstæður háttsemi verður réttilega heimfærð undir ákvæði a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Þá eru afar ríkir og almennir hagsmunir í því fölgir að Hæstiréttur skeri úr um það með óyggjandi hætti að héraðsdómur er ekki bær til þess að skera úr um einkaréttarlegan ágreining í máli sem hlýtur meðferð samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Því er nauðsynlegt að skjólstæðingum mínum verði heimilað að áfrýja ofangreindum dómi héraðsdóms til Hæstaréttar.

Virðingarfyllst,


Arnar Þór Jónsson hrl.

Hjálagt:

1. Endurrit Héraðsdóms Suðurlands 3. júní 2011.
2. Skjalaskrá lögreglunnar á Selfossi.
3. Beiðni skjólst. minna um gögn í málinu.
4. Tölvupóstsamskipti vegna beiðni skjólst. minna um gögn í málinu.
5. Samningur um ráðstöfun veiðiréttinda á milli Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga og Lax-ár ehf. (nú Tungufljót ehf.).
6. Héraðsdómsgreinargerð skjólst. minna.
7. Tilvísanaskrá skjólst. minna við aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Suðurlands 16. maí 2011.